

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2018/1936****2019/EES/31/45****frá 10. desember 2018****um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 371/2011 að því er varðar hámarksgildi dímetýlamínóetanóls (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri <sup>(1)</sup>, einkum 2. mgr. 9. gr. og 3. mgr. 13. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.
- 2) Notkun á dímetýlglýsinnatríumsalti sem fóðuraufefni var leyfð til 10 ára fyrir eldiskjúklinga með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 371/2011 <sup>(2)</sup>.
- 3) Í samræmi við 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr., hefur leyfishafinn lagt fram tillögu um breytingu á skilmálum leyfisins með því að breyta framleiðsluferlinu. Umsókninni fylgdu viðeigandi gögn henni til stuðnings. Framkvæmdastjórnin framsendi umsóknina til Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin).
- 4) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu í álitinu sínu frá 17. apríl 2018 <sup>(3)</sup> að aukefnið, sem er framleitt eftir nýja framleiðsluferlinu, hafi ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið. Auk þess komst hún einnig að þeirri niðurstöðu að tilvist dímetýlamínóetanóls í styrk sem nemur 0,1% eða minna hafi ekki áhrif á verkun aukefnisins. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraufefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.
- 5) Mat á dímetýlglýsinnatríumsalti, sem er framleitt eftir nýja framleiðsluferlinu, sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun efnisins eins og tilgreint er í þessari reglugerð.
- 6) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 371/2011 til samræmis við það.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*Í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 371/2011, í fjórða dálknum „Samsetning, efnaformúla, lýsing, grein-ingaraðferð“, undir „Virkt efni“ er eftirfarandi bætt við í lokin: „Dímetýlamínóetanól  $\leq 0,1\%$ “.*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 314, 11.12.2018, bls. 34. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 47/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

<sup>(1)</sup> Stjútíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

<sup>(2)</sup> Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 371/2011 frá 15. apríl 2011 um leyfi fyrir dímetýlglýsinnatríumsalti sem fóðuraufefni fyrir eldiskjúklinga (leyfishafi er Taminco N.V.) (Stjútíð. ESB L 102, 16.4.2011, bls. 6.)

<sup>(3)</sup> *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2018 16(5), 5268.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. desember 2018.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

---